

Alþingi

Kirkjustræti
150 Reykjavík

Vestmannaeyjum, 22. mars 2019
erindi nr. 201903058 FMR

Tilkynning um afgreiðslu á erindinu: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð Reykjavíkurlugvallar, 86. mál.

Á 3095. fundi Bæjarráðs Vestmannaeyja þann, .19.3.2019, var erindið hér að neðan tekið til umfjöllunar og svohljóðandi bókun gerð:

Bæjarráð tók fyrir erindi umhverfis- og samgöngunefndar ALþingis um umsögn um tillögu til þingsályktunar um þjóðaratkvæðaregðslu um hvort flugvöllur og miðstöð innanlands- og sjúkraflugs skuli áfram vera í Vatnsmýrinni í Reykjavík.

Bæjarráð er sammála flutningsmönnum tillögunnar um að fram fari þjóðaratkvæðagreiðsla um framtíð Reykjavíkurlugvallar og þjóðin fái tækifæri til þess að segja hug sinn um málið. Ríkir almannahagsmunir felast í greiðum samgöngum og staðsetning flugvallarins og miðstöðvar innanlandsflugs hefur mikla þýðingu í því sambandi. Því er mikilvægt að þjóðin öll eigi þess kost að hafa áhrif á staðsetningu flugvallarins á höfuðborgarsvæðinu. Bæjarráð felur bæjarstjóra að koma bókun ráðsins á framfæri við Alþingi.

Afgreiðsla þessi er háð samþykki bæjarstjórnar, og verður yður tilkynnt tafarlaust ef hún breytist.

Virðingarfyllst,

Fjóla Margrét Róbertsdóttir
Þjónustufulltrúi